

BETRI SAMGÖNGUR OHF.
STARFSREGLUR STJÓRNAR

1. gr.

Skipan félagsstjórnar og skipting verka

- 1.1 Félagsstjórn er skipuð sex einstaklingum og tveimur til vara.
- 1.2 Félagsstjórn skal strax að loknum aðalfundi koma saman til fundar þar sem hún skiptir með sér verkum m.a. í samræmi við hluthafasamkomulag og lög um stofnun félagsins. Þeim fundi skal stjórnað af stjórnarformanni sem skipaður er af ráðherra og skal varaformaður koma úr hópi stjórnarmanna sem tilnefndir eru af Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- 1.3 Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri koma fram fyrir hönd félagsins út á við, eftir því sem nánar segir í starfsreglum þessum, nema félagsstjórn ákveði annað.
- 1.4 Félagsstjórn getur í sérstökum tilvikum falið einstökum stjórnarmönnum tiltekin mál til athugunar og undirbúnings afgreiðslu á stjórnarfundum og skal bóka um slíkt í fundargerð. Verkaskipting hefur ekki í för með sér að stjórnarmenn séu undanþegnir eftirlitsskyldu sinni eða öðrum lögbundnum hlutverkum.
- 1.5 Meirihluti félagsstjórnar ritar firma félagsins.
- 1.6 Félagsstjórn veitir prókúruumboð fyrir hönd félagsins.

2. gr.

Hlutverk félagsstjórnar

- 2.1 Félagsstjórn ber meginábyrgð á rekstri félagsins og fer með æðsta vald í málefnum þess á milli hluthafafunda.
- 2.2 Helstu hlutverk félagsstjórnar eru eftirfarandi:
 - 2.2.1 Félagsstjórn tryggir og hefur eftirlit með að félagið starfi í samræmi við gildandi lög og reglur, samþykktir þess og hluthafasamkomulag.
 - 2.2.2 Félagsstjórn ber ábyrgð á því að meginmarkmiðum og verkefnum félagsins samkvæmt samþykktum þess sé framfylgt innan félagsins og sama gildir um stefnu þess eins og hún er mótuð í Samgöngusáttmálanum og af stýrihóp og félagsstjórn.
 - 2.2.3 Félagsstjórn ber ábyrgð á framkvæmd framkvæmdaáætlunar Samgöngusáttmálans, samningagerð, eftirfylgni með samningum og fjármögnun verkefna félagsins.
 - 2.2.4 Félagsstjórn skal hafa forgöngu um að koma samhæfingarhóp á laggirnar og skal framkvæmdastjóri félagsins sitja í honum ásamt forstjóra Vegagerðarinnar, auk annarra sem tilnefndir eru af félagsstjórn.
 - 2.2.5 Félagsstjórn skal, að lágmarki á sex mánaða fresti, skila skýrslu til stýrihóps, sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, um stöðu og framgang verkefna félagsins. Félagsstjórn skal veita stýrihópnum upplýsingar með reglubundnum hætti um stöðu og þróun meginmarkmiða Samgöngusáttmálans sem endurspeglast jafnframt í meginmarkmiðum félagsins.
 - 2.2.6 Á fyrsta fundi í upphafi starfsárs skal félagsstjórn móta drög að starfsáætlun fyrir starfsárið, sem skal hljóta formlegt samþykki stjórnarfundar. Þar skulu mikilvægustu verkefni starfsársins koma fram.
 - 2.2.7 Jafnframt samþykkir félagsstjórn árlega rekstrar- og fjárhagsáætlun félagsins, þar með talið framkvæmda- og fjárstreymisáætlun Samgöngusáttmálans, sem tekur mið af samþykki fjárlaga og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga sem og fjármögnun verkefna félagsins með öðrum hætti, ef

- því er að skipta. Nánar um eftirlit félagsstjórnar með framangreindum áætlunum vísast til greinar 9.2.
- 2.2.8 Félagsstjórn skal í samráði við endurskoðendur félagsins annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og dótturfélaga þess og jafnframt tryggja áhættustýringu og innra eftirlit.
- 2.2.9 Í tengslum við afgreiðslu fjárlaga, fjármálaáætlunar og samgönguáætlunar hverju sinni skal félagsstjórn upplýsa fjárlaganefnd að fyrra bragði ef stefnir í frávik kostnaðaráætlana framkvæmda framkvæmdaáætlunar Samgöngusáttmálans, sbr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991, um rétt fjárlaganefndar til að kalla eftir upplýsingum. Með því verklagi er tryggt að Alþingi verði upplýst um stöðu framkvæmda hverju sinni, fjármögnun þeirra og hvernig miðar við að ná meginmarkmiðum félagsins. Félagsstjórn skal sinna sams konar upplýsingagjöf gagnvart sveitarstjórnnum til að tryggja að sveitarfélögin hafi við afgreiðslu fjárhagsáætlana glöggar upplýsingar og yfirsýn yfir framgang samningsins.
- 2.2.10 Félagsstjórn ræður framkvæmdastjóra, gerir skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem kveðið er á um laun og starfskjör, hefur eftirlit með störfum hans, og veitir honum eftir atvikum lausn frá störfum.

3. gr.

Hlutverk stjórnarformanns

- 3.1. Stjórnarformaður ber meginábyrgð á að félagsstjórn gegni hlutverki sínu með skilvirkum og skipulögðum hætti. Hann ber jafnframt ábyrgð á að eigendur séu upplýstir ef meiri háttar mál sem snerta hluthafa sérstaklega koma upp milli hluthafafunda. Stjórnarformaður skal ekki taka að sér önnur störf fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti af störfum hans sem stjórnarformanns. Þó má stjórnarformaður sinna einstökum verkefnum sem stjórnin felur honum skv. umboði og eru þ.a.l. skilgreind og bókuð í fundargerðir stjórnar.
- 3.2. Helstu hlutverk stjórnarformanns eru að:
- 3.2.1. Undirbúa og boða til stjórnarfunda og senda dagskrá og viðeigandi gögn tímanlega til stjórnarmanna.
- 3.2.2. Stýra stjórnarfundum og tryggja að nægur tími sé gefinn til umræðna sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.
- 3.2.3. Stuðla að virkri þátttöku allra stjórnarmanna í umræðu og ákvörðunum.
- 3.2.4. Gæta góðra stjórnarháttanna og sjá til þess að farið sé eftir starfsreglum félagsstjórnar.
- 3.2.5. Tryggja að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar um málefni félagsins og leiðsögn um starfshætti félagsstjórnar, stefnu félagsins og markmið.
- 3.2.6. Tryggja að félagsstjórn meti árlega eigin störf og eftir atvikum störf framkvæmdastjóra
- 3.2.7. Annast eftirfylgni með framkvæmd ákvarðana félagsstjórnarinnar.
- 3.2.8. Vera talsmaður félagsstjórnar og félagsins út á við og gagnvart fjölmiðlum, nema öðrum stjórnarmönnum séu, með samþykki félagsstjórnar, falin slík hlutverk.

4. gr.

Boðun funda og ályktunarhæfi

- 4.1. Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þörf krefur og að jafnaði eigi sjaldnar en mánaðarlega.
- 4.2. Stjórnarfundir skal jafnan halda ef einhver stjórnarmanna eða framkvæmdastjóri óskar þess.
- 4.3. Framkvæmdastjóri á sæti á fundum félagsstjórnar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilfellum. Stjórnarformaður kveður aðra til setu á

stjórnarfundum eftir þörfum, t.a.m. starfsmenn félagsins, endurskoðanda þess eða utanaðkomandi aðila svo sem fulltrúa Vegagerðarinnar eða aðra.

- 4.4. Til stjórnarfundu skal að jafnaði boða með tölvupósti með þriggja sólarhringa fyrirvara. Boða má fund með skemmri fyrirvara þegar sérstakar ástæður gera það nauðsynlegt. Félagsstjórn er heimilt að láta stjórnarfundu fara fram í gegnum síma, með öðrum rafrænum hætti eða fjarfundabúnaði. Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna er þátttakandi í fundinum.
- 4.5. Í fundarboði skal greina dagskrá. Fundarboði skulu eftir því sem við á fylgja skrifleg gögn og upplýsingar um einstaka dagskrárliði. Fundargögn sem til umræðu verða á stjórnarfundu skulu ef kostur er liggja fyrir einum sólahring áður en fundur er haldinn.
- 4.6. Félagsstjórn er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið löglega boðaður. Meiriháttar ákvarðanir samkvæmt 3. gr. hlutahafasamkomulags félagsins skulu þó ekki teknar nema allir stjórnarmenn sæki fundinn.
- 4.7. Ef stjórnarmaður forfallast skal varamanni gefinn kostur á að sitja stjórnarfundu í hans stað með sömu réttindum og skyldum og aðalmaður, meðan forföllin vara.
- 4.8. Stjórnarformaður stjórnar fundum félagsstjórnar. Afl atkvæða ræður úrslitum um ákvörðun stjórnar á stjórnarfundum. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði stjórnarformanns úrslitum.

5. gr.

Fundargerðir

- 5.1. Stjórnarformaður skal sjá til þess að skráð sé fundargerð um það sem gerist á stjórnarfundum. Fela má tilteknum starfsmanni félagsins eða öðrum að annast fundarritun stjórnarfundu og vörslu fundargagna.
- 5.2. Í fundargerð skal skrá eftirfarandi:
 - 5.2.1 Númer stjórnarfundar.
 - 5.2.2 Fundardagsetning og upphaf og lok fundar.
 - 5.2.3 Fundarstað.
 - 5.2.4 Hverjir sátu fundinn.
 - 5.2.5 Nafn fundarritara.
 - 5.2.6 Hvaða utanaðkomandi aðilar komu á fund og hvenær þeir komu og fóru.
 - 5.2.7 Fundargögn sem voru afhent eða sýnd á fundinum.
 - 5.2.8 Skýra niðurstöðu dagskrárliða, þ.e. ákvörðun félagsstjórnar og eftir atvikum hverjum ber að framkvæma hana og innan hvaða tímamarka.
 - 5.2.9 Við hvern dagskrárlið skal bókað það sem honum tilheyrir, m.a. framlögð gögn, fyrirspurnir, bókanir og frestun afgreiðslu eftir því sem við á.
- 5.3. Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun félagsstjórnar, eiga rétt á að fá sérálit sitt skráð í fundargerð.
- 5.4. Drög að fundargerð skulu send formanni félagsstjórnar og framkvæmdastjóra til yfirlstrar eftir stjórnarfund og í framhaldi af því send öðrum stjórnarmönnum til yfirlstrar.
- 5.5. Vilji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri gera athugasemd við drög að fundargerð skal hún gerð eigi síðar en þremur dögum eftir að stjórnarmenn hafa mótttekið drögin. Komi engar athugasemdir fram innan ofangreindra tímamarka skoðast fundargerðin staðfest.

- 5.6. Fundargerð skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum er fund sitja sem og framkvæmdastjóra.
- 5.7. Fundargerðin skal undirrituð í upphafi næsta stjórnarfundar á eftir eða við fyrsta tækifæri er stjórn kemur saman ef fundir hafa verið haldnir með rafrænum hætti.

6. gr.

Þagnar- og trúnaðarskylda

- 6.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hag starfsmanna og viðsemjenda þess svo og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli máls, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi. Brot gegn framangreindri þagnarskyldu getur varðað refsingu samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög og/eða almennra hegningarlaga og skaðabótaskyldu samkvæmt almennum skaðabótareglum.
- 6.2 Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn sem hann hefur fengið afhent, sem stjórnarmaður, með tryggilegum hætti. Stjórnarmaður er ábyrgur fyrir því að trúnaðarupplýsingum sem hann fær í hendur sem stjórnarmaður verði ekki dreift. Stjórnarmaður skal þegar hann lætur af störfum í félagsstjórn afhenda félaginu öll þau gögn sem hann hefur undir höndum og teljast trúnaðargögn félagsins.
- 6.3 Félagsstjórn, framkvæmdastjóri og aðrir þeir sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins.
- 6.4 Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanir eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög, hluthafsamkomulag eða samþykktir félagsins.

7. gr.

Vanhæfi

- 7.1 Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu hvorki taka þátt í meðferð mála þar sem þeir eiga hagsmuna að gæta né mála er varða aðila sem eru þeim tengdir persónulega eða fjárhagslega.
- 7.2 Stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telst t.d. vera vanhæfur ef mál varðar viðskipti hans eða fyrirtækis sem hann á hlut í, situr í stjórn hjá, er fyrirsvarsmaður fyrir eða mál varðar aðila sem er tengdur honum persónulega eða fjárhagslega.
- 7.3 Stjórnarmanni eða framkvæmdastjóra er skylt að upplýsa um atvik sem geta valdið vanhæfi hans og skal hann gera það um leið og slíkt mál koma upp. Vanhæfur stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri skal ekki taka þátt í meðferð máls að neinu leyti, og skal hvorki fá aðgang að gögnum né vera viðstaddur umræður eða ákvarðanir um málið á stjórnarfundum. Bóka skal í fundargerð að stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafi vikið sæti og að hann hafi ekki fengið aðgang að gögnum.
- 7.4 Félagsstjórn tekur ákvörðun um vanhæfi einstakra stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra ef vafamál kemur upp.

8. gr.

Starfsskyldur félagsstjórnar og framkvæmdastjóra

- 8.1 Félagsstjórn og framkvæmdastjóri fara með stjórn félagsins.
- 8.2 Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri skulu ávallt hafa hag félagsins að leiðarljósi. Þeir skulu þekkja hluthafasamkomulag og samþykktir þess hverju sinni og helstu atriði laga um hlutafélög ásamt lögum um stofnun félagsins nr. 81/2020. Þeir skulu sjá til þess að félagið starfi að lögum og uppfylli lögboðna upplýsingaskyldu. Þá skulu þeir leitast við að tryggja að ekki sé brotinn réttur á hluthöfum félagsins, lánardrottnum, viðskiptamönnum og launþegum þess.
- 8.3 Félagsstjórn skal setja félaginu markmið í samræmi við tilgang þess og hún skal enn fremur marka þá megin stefnu sem farin skal til að ná settu markmiði.
- 8.4 Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórnin hefur gefið. Félagsstjórn veitir framkvæmdastjóra prókúruumboð fyrir félagið.
- 8.5 Félagsstjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Félagsstjórn getur veitt framkvæmdastjóra heimild til slíkra ráðstafana. Eins getur framkvæmdastjóri gert slíkar ráðstafanir í samráði við stjórnarformann, ef ekki er unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Slíkar ákvarðanir skulu kynntar félagsstjórn svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en á næsta stjórnarfundum.
- 8.6 Félagsstjórn skal í samráði við framkvæmdastjóra annast um að skipulag félagsins og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi t.d. hvað varðar reikningsskil, innra eftirlit og fjárhagsáætlanir.
- 8.7 Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til félagsins, segir þeim upp og ákveður launakjör þeirra.
- 8.8 Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.
- 8.9 Framkvæmdastjóri kemur fram fyrir hönd félagsins í málum sem eru innan verksviðs hans.

9. gr.

Eftirlitsskyldur stjórnar og framkvæmdastjóra

- 9.1 Eins og fram kemur í grein 2.2.7. skal félagsstjórn í samráði við endurskoðendur félagsins annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og dótturfélaga þess. Félagsstjórn er skylt að athuga bráðabirgðauppgjör félagsins og meta áætlanir félagsins og hugsanleg frávik frá þeim.
- 9.2 Framkvæmdastjóri skal, eigi sjaldnar en mánaðarlega, leggja fyrir stjórnarfund yfirlit yfir rekstur og stöðu helstu verkefna félagsins, þar með talið lykiltölur úr rekstri fyrir síðasta almanaks mánuð samanborið við áætlun, ásamt áætlun til næstu 12 mánaða fyrir rekstur og sjóðstreymi. Félagsstjórn skal endurskoða og uppfæra framkvæmda- og fjárstreymisáætlun verkefna félagsins ársfjórðungslega í samráði við Vegagerðina og viðkomandi sveitarfélög eftir því sem við á.

- 9.3 Félagsstjórn getur kallað eftir nánari upplýsingum frá framkvæmdastjóra um rekstur félagsins og einstaka liði í reikningum þess. Umbeðnar upplýsingar skulu í öllum tilvikum vera aðgengilegar öllum stjórnarmönnum og varamönnum félagsins á sama tíma.
- 9.4 Til að geta sinnt eftirlitsskyldu sinni skal félagsstjórn hafa aðgang að öllum gögnum sem varða félagið. Allir stjórnarmenn hafa jafnan rétt til að upplýsinga um félagið. Beiðni um gögn eða upplýsingar og fyrirspurnir stjórnarmanna sem og svör við þeim skulu að jafnaði bornar upp og bókaðar á stjórnarfundum.
- 9.5 Félagsstjórn skal hafa eftirlit með því að félagið, eftir því sem starfsemi þess gefur tilefni til, hafi nægilegar skaða- og ábyrgðartryggingar.
- 9.6 Félagsstjórn skal einu sinni á ári framkvæma árangursmat á störfum sínum. Formaður félagsstjórnar skal einu sinni á ári yfirfara með félagsstjórn og framkvæmdastjóra framsetningu, efni og form þeirra skriflegu upplýsinga sem félagsstjórn fær frá framkvæmdastjóra um rekstur félagsins og fjárhagsstöðu til að ganga úr skugga um að hún fái þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hún geti rækt skyldur sínar samkvæmt starfsreglum þessum, hluthafasamkomulagi og samþykktum félagsins og lögum.
- 9.7 Þá skal félagsstjórn gæta að upplýsingaskyldu til stýrihóps sbr. ákvæði hluthafasamkomulags, um stöðu og framgang verkefna félagsins samkvæmt grein 2.2.5 og ef þörf er á að gæta að upplýsingaskyldu sinni til fjárlaganefndar Alþingis og sveitarstjórna samkvæmt grein 2.2.9.

10. gr.

Endurskoðun og ársreikningur

- 10.1 Félagsstjórn er skylt að tryggja að nauðsynlegur grundvöllur sé fyrir endurskoðun á bókhaldi og reikningum félagsins.
- 10.2 Félagsstjórn og framkvæmdastjóri skulu veita endurskoðendum þær upplýsingar, gögn, aðstöðu og aðstoð sem þeir telja nauðsynlega vegna starfa síns.
- 10.3 Framkvæmdastjóri félagsins skal á hverju reikningsári, í samstarfi við félagsstjórn, semja drög að ársreikningi og skýrslu stjórnar. Framangreindir reikningar og skýrsla skulu vera í samræmi við lög um ársreikninga, sbr. nú lög nr. 3/2006.
- 10.4 Drög að ársreikningi skulu afhent endurskoðanda félagsins til endurskoðunar eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.
- 10.5 Telji félagsstjórn, eftir að hafa kynnt sér drög að ársreikningum og aðrar upplýsingar og gögn, að fyrirbyggjandi drög gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á reikningsárinu og efnahag í lok þess skal félagsstjórn ásamt framkvæmdastjóra undirrita ársreikninginn jafnframt því sem tekin skal ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar eða taps. Ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri telur að ekki skuli samþykkja ársreikninginn eða hann hefur mótbárur fram að færa, sem hann telur rétt að félagsaðilar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni. Um áritun endurskoðanda fer samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga hverju sinni.
- 10.6 Ársreikningur með undirritun félagsstjórnar og framkvæmdastjóra og áritun endurskoðanda skal lagður fyrir aðalfund í samræmi við samþykktir félagsins.
- 10.7 Endurskoðaður ársreikningur skal birtur í samræmi við lög um ársreikninga og önnur þau lagafyrirmæli og reglur sem um slíka birtingu gilda.

- 10.8 Endurskoðanda félagsins er rétt og skylt að sitja stjórnarfundum þegar fjallað er um reikningsskil félagsins og láta þar í ljós skoðun sína á því hvort reikningsskil félagsins og ársskýrsla innihalda nauðsynlegar upplýsingar við mat á fjárhagsstöðu félagsins.

11. gr.

Um starfsreglur félagsstjórnar

- 11.1 Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli samþykktu félagsins, sbr. og 5. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélag.
- 11.2 Allir stjórnarmenn og varamenn ásamt framkvæmdastjóra skulu fá eintak af starfsreglum þessum ásamt hluthafasamkomulagi og samþykktum félagsins. Starfsreglur stjórnar skulu að jafnaði teknar fyrir á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar og fjallað um breytingar sem stjórnin telur rétt að gera. Stjórnarmenn skulu staðfesta starfsreglur þessar með undirritun sinni
- 11.3 Einungis félagsstjórn getur gert tillögu til breytinga starfsreglum þessum og þarf samþykki einfalds meirihluta félagsstjórnar til slíkra breytinga.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum 18. desember 2020.

Í stjórn Betri samgangna ohf.



Árni M. Mathiesen,
stjórnarformaður



Gunnar Einarsson



Guðrún Ögmundsdóttir



Ólöf Örvarsdóttir



Eyjólfur Árni Rafnsson



Hildigunnur Hafsteinsdóttir